

Dóminn kváðu upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi hjá bæjarfógeta Akureyrar, og meðdómendurnir Benedikt Steingrímsson og Gísli Eyland, fyrrverandi skipstjórar.

Dómsorð:

Stefndi, Gísli Kristjánsson f. h. Sæfinns h.f., Akureyri, greiði stefnanda, Haukar h.f., Ólafsfirði, kr. 8000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. september 1953 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Sjóveðréttur stefnanda er viðurkenndur í v/s Sæfinni, EA 9, fyrir öllum dæmdum upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. nóvember 1955.

Nr. 159/1955. **Jörundur Jörundsson,**
Steingrímur Sigvaldason og
Jón Sigurðsson

gegn

Keili h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulega dómárar Hæstaréttar.

Kærumál, Málskostnaður í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 22. október 1955, sem hingað barst 1. nóvember s. á., hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar málskostnaðar-ákvæði dóms sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 17. október 1955 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðiljum. Krefjast sóknaraðiljar þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir héraðsdómi og svo kostnað af kærumáli þessu eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og sóknaraðiljum verði dæmt að greiða honum in solidum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma sóknaraðilja

til að greiða in solidum varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði á að vera óraskað. Sóknaraðiljar, Jörundur Jörundsson, Steingrímur Sigvaldason og Jón Sigurðsson, greiði in solidum varnaraðilja, Keili h/f, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 17. október 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Keilir h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 10. febrúar 1954, gegn eigendum v/s Ottós, EA 105, þeim Jörundi Jörundssyni, Hrísey, Steingrími Sigurðssyni, Borgum, Akureyri, og Jóni Sigurðssyni, Sigtúni 51, hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð kr. 5555.98 auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Að ósk lögmannna aðilja og eftir ákvörðun dómsins var málið flutt munnlega fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavexti kveður stefnandi þá, að á síðari hluta árs 1952 og í janúar 1953 hafi hann framkvæmt nokkrar viðgerðir, aðallega á vél áðurnefnds skips. Viðgerðirnar hafi verið framkvæmdar eftir beiðni þáverandi skipstjóra skipsins, Jóns Franklins, utan heimahafnar þess og verið nauðsynlegar til þess að skipið kæmist leiðar sinnar. Skipstjórinn hafi því samkvæmt stöðu sinni haft umboð til að biðja um viðgerðirnar. Er hin umstefnda skuld eftirstöðvar viðgerðarkostnaðarins.

Sýknukröfuna reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að þeir séu ekki aðiljar málsins. Þeir hafi með kaupsamningi, dags. 12. maí 1952, selt Jóni Franklín v/s Ottó. Hann hafi þá þegar tekið við skipinu og haft umráð þess og útgerð með höndum þar til 16. janúar 1954, en þá hafi þeir með innsetningargerð fengið aftur vörzlu skipsins og umráð, þar sem kaupandi hafi ekki getað staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt kaupsamningnum. Telja stefndu, að þeim séu algerlega óviðkomandi ráðstafanir kaupanda varðandi skipið, meðan hann hafði vörzlu þess og umráð sem slíkur, og jafnvel þó að hann hafi jafnframt verið skipstjóri þess.

Stefndu gáfu kaupanda aldrei afsal fyrir skipinu. Voru þeir því þrátt fyrir kaupsamninginn um það áfram raunverulegir eigendur þess. Hefur því krafa stefndu um sýknu vegna aðildarskorts ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að hin umstefnda skuld sé fallin niður vegna fyrningar. Skuldin sé stofnuð með samningum, er skipstjóri hafi gert samkvæmt stöðumboði sínu. Slíkar skuldbindingar ábyrgist útgerðarmaður eða skipseigandi aðeins með skipi og farmgjaldi, en ekki persónulega, sbr. 12. gr. siglingalaganna, og þegar málið var höfðað, hafi sjóveðréttur fyrir kröfunni verið fyrndur og krafan þannig úr gildi fallin.

Af gögnum málsins kemur fram, að síðasta viðgerðin var framkvæmd 27. janúar 1953, og mun viðgerðarkostnaðurinn þegar hafa verið gjaldkræfur. Aðrar viðgerðir, sem krafan byggist á, höfðu farið fram á árinu 1952. Stefna í máli þessu var ekki birt fyrr en 11. og 15. febrúar 1954, en sjóveðréttur fyrir viðgerðarkostnaðinum var þá fyrndur, sbr. 6. tölulið 251. gr. siglingalaganna. Og þar sem stefndu ábyrgðust kröfuna aðeins með skipi og farmgjaldi, en ekki persónulega, féll hún úr gildi gagnvart þeim um leið og sjóveðréttur fyrir henni fyrntist.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina sýknukröfu stefndu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum Jónasi Jónassyni og Hannesi Pálssyni, skipstjórum.

Vegna veikinda formanns dómsins um hálfis mánaðar skeið hefur dómur í máli þessu eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndu, Jörundur Jörundsson, Steingrímur Sigvaldason og Jón Sigurðsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Keilis h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
